

**Sp.**

**165. Fyrirspurnir.**

[143. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um erlendar lántökur vegna viðskipta með fiskiskip innanlands.  
Frá Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hefur ráðherra gefið heimildir til erlendrar lántöku vegna kaupa á fiskiskipum innanlands, ef svo er, hvenær voru þær heimildir gefnar út og hvaða starfsmenn viðskiptaráðuneytisins undirrita heimildarbréfin ásamt ráðherranum?
2. Hver eru rök ráðherrans fyrir umræddum afgreiðslum, hafi þær átt sér stað?

II. Til iðnaðarráðherra um árangur Sölustofnunar lagmetis.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Hver eru heildarsöluverðmæti lagmetis á vegum Sölustofnunar lagmetis á árinu 1981 fram til 1. des. síðastliðinn?
2. Hver voru þau á árunum 1980 og 1979?
3. Hver eru helstu viðskiptalönd?
4. Í hvaða löndum hefur verið aukning á sölu lagmetis og hvar samdráttur?
5. Hafa unnist nýir markaðir í einhverjum löndum og þá hvar?
6. Hafa komið í framleiðslu nýjar vörutegundir?
7. Eru einhver ný áform til eflingar þessum iðnaði í sölu- og markaðsmálum?
8. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að hindra að áföll vegna skemmdrar vöru endurtaki sig? Ef svo er þá hverjar?
9. Hvað má áætla að rekstrarkostnaður Sölustofnunar lagmetis sé mikill?
10. Hverjar verða tekjur Sölustofnunar lagmetis á árinu 1981?